

Umhverfisráðuneytið
Sigrún Ágústsdóttir
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 02. maí 2008
2008040001/42-0
KHS/jgo

Kæra Eyvindartungu ehf vegna virkjunar í Brúará

Vísað er til bréfs ráðuneytisins, dags. í bréf 31. mars sl. þar sem óskað er eftir álitum Náttúrufræðistofnunar Íslands á kæru Eyvindartungu ehf um ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 22. febrúar sl. að allt að 6 MW virkjun í Brúará skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Með bréfinu fylgdi einungis kærán, en ekki þau fylgiskjöl sem þar er vísað til. Fylgiskjölin bárust stofnuninni eftir nokkra eftirgangsmuni hinn 16. apríl sl., sama dag og ráðuneytið hafði óskað eftir að fá umsögn Náttúrufræðistofnunar í hendur, sem skýrir síðbúið svar stofnunarinnar.

Náttúrufræðistofnun vann á sínum tíma skýrslu um gróður og fuglalíf á fyrirhuguðu virkjunarsvæði fyrir kæranda og er hana að finna í fylgiskjöllum málsins. Stofnunin hefur um langt skeið unnið margvísleg ráðgjafarstörf í tengslum við mat á umhverfisáhrifum. Þær ávirðingar sem fram koma á fagleg vinnubrögð stofnunarinnar í kærinni eru hins vegar einsdæmi. Er þetta sérstaklega ámælisvert þegar haft er í huga að kærandi gerði engar athugasemdir við vinnubrögð stofnunarinnar, þrátt fyrir að hafa haft tækifæri til þess um margra mánaða skeið áður en skýrslu var skilað formlega í febrúar 2007.

Vinna Náttúrufræðistofnunar vegna Brúarárvirkjunar

Í apríl 2006 hafði kærandi samband við Náttúrufræðistofnun varðandi rannsókn á náttúrufari í tengslum við fyrirhugaða Brúarárvirkjun. Var gengið frá samningi vegna þessarar vinnu í byrjun júlí sama ár og drögum að skýrslu skilað í lok september. Kærandi gerði engar athugasemdir við þessi drög, þrátt fyrir að óskað væri sérstaklega eftir því. Þá sat starfsmaður Verkfræðistofnu Sigurðar Thoroddsen, Jón Snæbjörnsson, verkfræðingur, fundi á Náttúrufræðistofnun ásamt kæranda a.m.k. tvisvar sinnum. Verkfræðingurinn vann síðan greinargerð um virkjunina (Brúará 600 kW, virkjun Brúarár neðan ármóta við Hrútá. Forathugun, VST, okt 2007), án þess að hafa nokkurn tíma samband eða samráð við Náttúrufræðistofnun varðandi notkun eða túlkun á upplýsingum í skýrslu stofnunarinnar eins og venja er þegar slíkar skýrslur eru unnar í tengslum við mat á umhverfisáhrifum.

Að framansögðu er ljóst að hvorki kærandi, né ráðgjafi hans (VST), gerðu neinar athugasemdir við vinnu Náttúrufræðistofnunar, þrátt fyrir að hafa haft skýrslu stofnunarinnar undir höndum í rúmt ár áður en tilkynningu um virkjunina var skilað til Skipulagsstofnunar í október 2007. Það er því fyrst nú, í apríl 2007, eða hálfu öðru ári eftir kæranda fékk niðurstöður Náttúrufræðistofnunar í hendur, að stofnunin fær pata af því að kærandi hafi eitthvað við fagleg vinnubrögð stofnunarinnar að athuga. Þar að auki hafði kærandi nægan tíma til að bæta þau gögn sem Náttúrufræðistofnun taldi nauðsynlegt að hafa undir höndum áður en ákvörðun um virkjun yrði

tekin. Nánari yfirlit um samskipti kæranda og Náttúrufræðistofnunar er að finna í viðauka.

Um kærðu Eyvindartungu ehf

Í kærúnni er fullyrt að niðurstaða Skipulagsstofnunar sé ófagleg og byggð á pólitísku mati til að þóknast ríkjandi stjórnvöldum. Er núverandi iðnaðarráðherra nefndur sérstaklega í því sambandi. Hér á eftir verður fjallað um nokkur efnisatriði í kærúnni sem Náttúrufræðistofnun telur ástæður til að gera sérstakar athugasemdir við:

Fullyrt að Skipulagsstofnun hafi ekki gætt meðalhófs og reynt sé að draga mátt úr kæranda með því að krefjast afar tímafrekra og dýrra rannsókna sem lítil eða engin þörf sé á (bls. 1).

Þessi fullyrðing kæranda er ekki rökstudd með neinum hætti enda liggja ekki fyrir neinar tillögur um rannsóknir á svæðinu aðrar en þær sem koma fram í greinargerð VST (Brúará 6000 kW, október 2007).

Fram kemur að Náttúrufræðistofnun hafi brugðist hlutverki sínu sem hlutlaus álitsgjafi með því að koma fram með skoðanamyndandi fullyrðingar byggðar á takmörkuðum gögnum og án frekari tilvísana í athuganir eða umfjallanir um atferli straumanda (bls. 4).

Hér er vísað til umfjöllunar í skýrslu Náttúrufræðistofnunar um straumendur og hugsanleg áhrif virkjunar á þær. Fuglalíf á framkvæmdasvæðinu er lítt þekkt og hið sama á við um fuglalíf á Brúará og þverám hennar ofan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Fuglalíf á framkvæmdasvæðinu var kannað af Náttúrufræðistofnun dagpart í júlí 2006 og í framhaldi af því vann Náttúrufræðistofnun skýrslu fyrir kæranda. Þar kemur m.a. annars fram að á litlum kafla á og umhverfis þetta svæðis hafi níu fullorðnar straumendur sést, þar af ein kolla með unga. Tvær þessara kollna (önnur með unga) voru skammt neðan við fyrirhugað stíflusvæði (milli stöðva 7 og 8) en það kemur ekki fram í skýrslunni. Náttúrufræðistofnun bendir á (sjá bls. 9) að „Stíflan í Brúará kann að hins vegar að hafa ófyrirsjáanleg áhrif á straumendur, bæði á Brúará og Hrúta. Veltur það annars vegar á því hvernig gengið verður frá stíflunni og hvort straumendur komist auðveldlega niður ána með ófleyga unga sína og hins vegar á því hversu margar straumendur eru á vatnasvæðinu ofan fyrirhugaðrar stíflu. Ef haft er í huga hinn mikli þéttleiki straumanda á þeim stutta spöl á Brúará sem kannaður var (9 fuglar á rúmum 1km) er hugsanlegt að tugir para verpi ofar með ána, svo og við Hrúta og gæti svæðið því haft alþjóðlega þýðingu fyrir straumandarstofninn. Er þá miðað við að a.m.k. 1% stofns nýti sér slík svæði. Því þarf að mati Náttúrufræðistofnunar annars vegar að kanna mun betur fjölda og dreifingu straumanda ofan við fyrirhuguð mannvirki og eins að gera gleggri grein fyrir lokubúnaði og öðru sem máli skiptir varðandi greiða leið straumanda niður ána og fram hjá virkjunarmannvirkjum.”

Náttúrufræðistofnun stendur við framangreinda umfjöllun og telur að þær ábendingar sem þar koma fram séu í fullu gildi, þrátt fyrir fullyrðingar kæranda og þriggja blaðsíðna umfjöllun um straumendur í greinargerð VST (Brúará, 6000 kW, október 2007). Kærandi hefur að mati Náttúrufræðistofnunar hvorki aflað traustari gagna um straumendur á Brúará né gert skilmerkilega grein fyrir því hvernig kollur með ófleyga unga eiga að komast fram hjá stíflumannvirkjum.

Niðurstaða

Brúará er ein af stærri lindám landsins og hefur verið á náttúruminjaskrá um langt skeið. Eins var gerð sérstök tillaga um friðun hennar í tengslum við undirbúning að síðustu Náttúruverndaráætlun, bæði af Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun. Svokallaðar smávirkjanir og undirbúningur þeirra hefur verið í ólestri, sbr. nýlega skýrslu sem unnin var á vegum iðnaðarráðuneytisins og umhverfisráðuneytisins.

Allmargar stíflur í nýlegum virkjunum hafa brostið á síðustu árum og valdið tjóni og jafnvel mannhættu. Ein þeirra (í Sandá við Eyvindartungu) er í eigu kæranda en hún brast sumarið 2005. Það er því brýnt að stórbæta undirbúning og eftirliti með byggingu svokallaðra smávirkjana, óháð því hvort þær séu á viðkvæmum svæðum eður ei. Margar þeirra eru reyndar í lindám og þar með helsta búsvæði straumanda hér á landi. Er skemmst að minnast virkjunar Straumfjarðarár á Snæfellsnesi þar sem helsta búsvæði straumanda í ánni fór forgörðum, en þar var um að ræða mesta straumandarvarp sem vitað er um á svæðinu frá Hvalfjarðarbotni vestur og norður um að Laxá á Ásum.

Ekki er samstaða meðal landeiganda við Brúará um að virkjunina. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur mjög mikilvægt að samþykki og samstaða allra landeigenda, sem land eiga að virkjunarsvæðinu, liggi fyrir ef af framkvæmdum á að verða. Ef ekki liggur fyrir slíkt samþykki mun sveitarstjórn Bláskógabyggðar ekki leggja til breytingar á aðalskipulögum svæðisins, sbr. fundargerð sveitarstjórnar 7. desember sl.

(sjá, <http://www.blaskogabyggd.is/Stjornsysla/Fundargerdir/?path=Controls/14&ID=155>).

Að mati Náttúrufræðistofnunar kemur ekkert það fram í kærðu Eyvindartungu ehf sem gefur ástæðu til að hnekkja úrskurði Skipulagsstofnunar um virkjun í Brúará skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS